



Forsætisnefnd

Reykjavík, 26. maí 2025

MSS25030052

Svar við fyrirspurn fulltrúa Framsóknar um launakjör kjörinna fulltrúa

Á fundi forsætisnefndar 14. mars sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Framsóknarflokksins:

Fulltrúi Framsóknarflokksins óskar eftir því að tekið verði saman hvaða áhrif ákvörðun um niðurfellingu íbúaráða, fjölmennigarráðs, öldungaráðs og aðgengisnefndar hefur á laun kjörinna fulltrúa. Óskað er eftir því að þessar upplýsingar verði sundurliðaðar niður á hvern og einn kjörinn fulltrúa og þannig einnig eftir borgarstjórnarflokkum.

Fyrirspurninni var samdægurs vísað til umsagnar skrifstofu borgarstjórnar.

Um launakjör gildir samþykkt um kjör og starfsaðstöðu kjörinna fulltrúa hjá Reykjavíkurborg en borgarfulltrúar fá greidda þóknun og starfskostnað vegna starfa sinna hjá Reykjavíkurborg eftir ákvæðum samþykktarinnar. Jafnframt fá aðrir kjörnir fulltrúar í nefndum og ráðum borgarinnar greidda þóknun fyrir störf sín eftir ákvæðum hennar.

Borgarfulltrúar þiggja föst laun fyrir störf sín hjá Reykjavíkurborg sem nema frá 1. janúar 2025 kr. 1.076.194 í samræmi við ákvörðun borgarstjórnar 4. apríl 2017. Þetta eru grunnlaun borgarfulltrúa fyrir fullt starf og uppfærast í janúar og júlí ár hvert miðað við þróun launavísitölu. Í grunnlaununum felast að fullu greiðslur fyrir setu í nefndum og ráðum borgarinnar, þ.m.t. formennsku í öðrum nefndum en fastanefndum, innkomur sem varamenn og setur sem áheyrnarfulltrúar. Borgarfulltrúar skulu að jafnaði sitja í a.m.k.einni fastanefnd borgarinnar í flokki I (fagráði) skv. 13. gr. og er sú seta innifalin í grunnlaununum. . Sitji borgarfulltrúi hvorki í nefnd í flokki I né flokki II skerðast grunnlaun hans um 50%. Sitji borgarfulltrúi ekki í nefnd í flokki I skerðast grunnlaun hans um 25% nema hann sitji í tveimur nefndum í flokki II og/eða III.

Um álagsgreiðslur á grunnlaun borgarfulltrúa gilda ákvæði 4. gr. samþykktarinnar en þar kemur fram að:

- Borgarfulltrúar sem gegna formennsku í fagráði í flokki I eða borgarstjórnarflokkum fá greitt álag sem nemur 25% af grunnlaunum borgarfulltrúa.
- Borgarfulltrúar sem sitja í þremur eða fleiri fastanefndum í flokki I-IV, fá greitt álag sem nemur 25% af grunnlaunum borgarfulltrúa.
- Heildarálag samkvæmt ofangreindu nemur að hámarki 25% grunnlauna borgarfulltrúa, þó gegnt sé formennsku í fleiri en einu fagráði eða borgarstjórnarflokkum og fagráði.
- Borgarfulltrúar sem sitja í borgarráði fá greitt álag sem nemur 25% af grunnlaunum borgarfulltrúa. Formaður borgarráðs fær þó greitt álag sem nemur 40% af grunnlaunum borgarfulltrúa. Kjörnir varamenn í borgarráði fá greitt álag sem nemur 6% af grunnlaunum borgarfulltrúa.



Reykjavík



Á aukafundi borgarstjórnar 21. febrúar sl. var lögð fram og samþykkt svohljóðandi tillaga borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Pírata, Sósíalistaflokks Íslands, Flokks fólksins og Vinstri grænna:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að sameina málaflokka sem nú heyra undir fjölmeningarráð, öldungaráð og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks í nýju mannréttindaráði sem tekur við hlutverki mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs. Forsætisnefnd er falið að vinna nýja samþykkt fyrir ráðið í samráði við mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu sem skal lögð fram til samþykktar á fyrsta fundi borgarstjórnar í mars og kemur í stað gildandi samþykktar.

Jafnfram var lögð fram og samþykkt svohljóðandi tillaga borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Pírata, Sósíalistaflokks Íslands, Flokks fólksins og Vinstri grænna:

Borgarstjórn samþykkir að fresta kosningum í öll íbúaráð til loka kjörtímabils og jafnframt leysa sitjandi íbúaráð frá störfum. Stýrihópi um innleiðingu aðgerðaáætlunar í lýðræðismálum verður falið að útfæra nýjar lýðræðislegar leiðir til að eiga í samskiptum við íbúa Reykjavíkur og í einstaka hverfum.

Fjölmeningarráð starfaði samkvæmt samþykkt ráðsins frá 6. nóvember 2018, var skipað fimm fulltrúum þar sem borgarstjórn kys tvo fulltrúa auk þess sem samtök kvenna af erlendum uppruna, W.O.M.E.N., Móðurmál, samtök um tvítyngi, tilnefndu sinn fulltrúa auk þess sem einn fulltrúi var tilnefndur af Sameyki úr hópi starfsmanna Reykjavíkurborgar af erlendum uppruna. Fjölmeningarráð fundaði að jafnaði mánaðarlega að undanskildum 2 mánuðum að sumarlagi. Ráðsmenn fengu greidda fasta þóknun fyrir hvern fund kr. 26.232 (m.v. 1. janúar 2025), formaður fékk tvöfalda þóknun og er áætlaður launakostnaður nefndarinnar kr. 1.573.920 fyrir árið 2025. Áætlaður launakostnaður fyrir tvo fulltrúa fjölmeningarráðs á vettvangi mannréttindaráðs á þessu ári er 262.322 og sparast því rúm milljón í beinar launagreiðslur en gert er ráð fyrir 3-4 fundum á ári fyrir þessa fulltrúa þ.m.t. opinn fundur.

Öldungaráð starfaði samkvæmt samþykkt ráðsins frá 15. ágúst 2024, var skipað sjö fulltrúum þar sem borgarstjórn kaus þrjá fulltrúa en félag eldri borgara, samtök aldraðra, U3A Reykjavík og Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins tilnefndu einn fulltrúa hvor. Öldungaráð fundaði að jafnaði mánaðarlega að undanskildum 2 mánuðum að sumarlagi. Ráðsmenn fengu greidda fasta þóknun fyrir hvern fund kr. 26.232 (m.v. 1. janúar 2025), formaður fékk tvöfalda þóknun og er áætlaður launakostnaður nefndarinnar kr. 2.098.578 fyrir árið 2025. Áætlaður launakostnaður fyrir fjóra fulltrúa öldungaráðs á vettvangi mannréttindaráðs á þessu ári er 1.049.289 og sparast því rúm milljón í beinar launagreiðslur.

Aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks starfaði samkvæmt samþykkt ráðsins frá 19. mars 2019, var skipað níu fulltrúum þar sem borgarstjórn kaus þrjá fulltrúa en Öryrkjabandalag Íslands tilnefndi þrjá fulltrúa, Þroskahjálp tilnefndi tvo fulltrúa og NPA miðstöðin tilnefndi einn fulltrúa. Aðgengisnefndin fundaði að jafnaði tvisvar í mánuði að undanskildum 2 mánuðum að sumarlagi. Ráðsmenn fengu greidda fasta þóknun fyrir hvern fund kr. 26.232 (m.v. 1. janúar 2025), formaður fékk tvöfalda þóknun og er áætlaður launakostnaður nefndarinnar kr. 5.246.444 fyrir árið 2025. Áætlaður launakostnaður fyrir fimm fulltrúa aðgengisnefndar á vettvangi mannréttindaráðs á þessu ári er 3.147.866 og sparast því rúmar tvær milljónir í beinar launagreiðslur.



Reykjavík



Íbúaráð störfuðu samkvæmt samþykkt fyrir Íbúaráð Reykjavíkur frá 18. júní 2019 m.br. frá 6. september 2022. Íbúaráðin voru skipuð sex fulltrúum að íbúaráði Miðborgar og Hlíða undanskildu sem var skipað átta fulltrúum. Borgarstjórn kaus þrjá fulltrúa og þrjá til vara og þar áttu tveir fulltrúar borgarstjórnar að lágmarki vera úr hópi borgarfulltrúa eða varaborgarfulltrúa. Íbúaráðin funduðu að jafnaði tvisvar í mánuði að undanskildum 2 mánuðum að sumarlagi. Ráðsmenn fengu greidda fasta mánaðarlega þóknun kr. 80.715 (m.v. 1. janúar 2025), að undanskildum þeim borgarfulltrúum sem voru á föstum launum, formaður fékk tvöfalda þóknun. Áætlaður launakostnaður íbúaráðanna var ca. kr. 60.000.000 fyrir árið 2025 og má gera ráð fyrir að sú fjárhæð sparist í beinar launagreiðslur.

Upplýsingar um launagreiðslur kjörinna fulltrúa er að finna á vef Reykjavíkurborgar hér: <https://reykjavik.is/laun-og-kostnadargreidslur-borgarfulltrua> auk þess sem allir kjörnir fulltrúar geta fengið sundurliðaðar upplýsingar um breytingar á eigin launum hjá skrifstofu borgarstjórnar.

Virðingarfyllst,
Helga Björk Laxdal
Skrifstofustjóri borgarstjórnar



Reykjavík